



Fréttatilkynning frá  
Skrifstofu forseta Íslands

## BANDARÍKIN OG RÚSSLAND FUNDIR Í WASHINGTON

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í gær, miðvikudaginn 25. apríl, ræðu í hátíðarkvöldverði EastWest stofnunarinnar sem haldinn var til að minnast 200 ára afmælis stjórnámbands Bandaríkjanna og Rússlands. Ræða forsetans var tileinkuð rússneska vísindafrömuðinum Evgeny Velikhov sem heiðraður var við þetta tilefni. Hann gegndi lykilhlutverki í að draga úr vígbúnaðarkapphlaupinu og koma á víðtækum afvopnunarsamningum sem lögðu grundvöll að endalokum kalda stríðsins. Velikhov og Ólafur Ragnar Grímsson voru nánir samstarfsmenn fyrir um tveimur áratugum þegar forsetinn var í forystu fyrir alþjóðlegum þingmannasamtökum og friðarfrumkvæði sex þjóðarleiðtoga.

Í ávarpi sínu (sem fylgir með fréttatilkynningunni) fjallaði forsetinn um hlutdeild Velikhovs í því að skapa samstarfsgrundvöll milli bandarískra og rússneskra vísindamanna sem m.a. leiddi til nýrra aðferða við eftirlit með afvopnunarsamningum. Forsetinn rifjaði upp samræður sínar við Velikhov þegar Velikhov var í fylgdarliði Mikails Gorbachevs á leiðtogafundinum í Höfða fyrir röskum tveimur áratugum. Velikhov var þá forstöðumaður rússnesku vísindaakademíunnar og hafði nýverið sent frá sér rit þar sem sýnt var fram á að engar vísindalegar forsendur væru fyrir því að hægt yrði að hrinda í framkvæmd svokallaðri Stjórnustríðs-áætlun Reagans Bandaríkjaforseta.

Í hátíðarkvöldverðinum flutti John Negroponte varautanríkisráðherra Bandaríkjanna ræðu um hvernig samvinna Bandaríkjanna og Rússlands hefði vaxið jafnt og þétt á undanförunum árum. Sá árangur væri traustur grundvöllur að nýjum verkefnum. Lausn fjölmargra alþjóðlegra

vandamála væri háð nánu sambandi Bandaríkjanna og Rússlands. Hátíðarkvöldverðinn sótti fjöldi áhrifamanna úr bandarískum stjórnámálum og einstaklingar sem tekið hafa ríkan þátt í samstarfi Bandaríkjanna og Rússlands á undanförunum áratugum.

Forseti Íslands átti einnig í gær og fyrradag fundi með þingmönnum í öldungadeild og fulltrúadeild Bandaríkjaþings, en sumum þeirra funda hafði verið frestað fyrir nokkrum vikum þegar forseti stytta dvöl sína í Washington vegna skíðaslyss forsetafrúar. Meðal þeirra þingmanna sem forseti átti fund með voru að þessu sinni öldungadeildarþingmennirnir Dianne Feinstein og Barbara Boxer frá Kaliforníu, en þær eru báðar í forystu fyrir mikilvægum nefndum þingsins. Þá átti forseti fund með öldungadeildarþingmönnum Lisu Murkowski frá Alaska, Olympiu Snowe frá Maine og Jeff Bingaman frá Nýju Mexíkó ásamt því að ræða við Steve Israel fulltrúardeildarþingmann frá New York.

Á öllum þessum fundum var ítarlega fjallað um hvernig árangur Íslendinga í nýtingu hreinna orkulinda, einkum jarðhita, gæti nýst í baráttunni við loftslagsbreytingar. Mikill áhugi kom fram hjá þingmönnum öllum á að Bandaríkin, sem búa yfir verulegum og vannýttum jarðhita, efndu til víðtæks samstarfs á þessu sviði við Íslendinga: orkufyrirtæki, háskóla, rannsóknarstofnanir, banka og fjárfestingaraðila. Þessum viðræðum verður síðan fylgt eftir á næstunni.

Í dag, fimmtudaginn 26. apríl, fór forseti til Winnipeg í Kanada þar sem hann tekur næstu daga þátt í ársþingi Íslendingafélaga í Vesturheimi og ýmsum viðburðum sem tengjast samstarfi þjóðarinnar við Vesturíslendinga.

26. apríl 2007

*Nánari upplýsingar um ferð forseta til Norður-Ameríku veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og skrifstofa forseta Íslands (540 4400).*

*Myndir verður hægt að nálgast á heimasíðu forsetaembættisins síðar.*